




Selfossi, 19. ágúst 2021

Kæru nemendur og forráðamenn

Mánudaginn 16. ágúst mættu starfsmenn Stekkjaskóla til starfa í fyrsta sinn. Skólinn er þriðji grunnskólinn á Selfossi og sá fjórði í Árborg sem er sístækkandi sveitarfélag.

Þessa viku og á mánudaginn kemur eru starfsdagar í skólanum en þá undirbúa starfsmenn skólans starf vetrarins og fyrstu skóladagana á meðan skólinn starfar á Bifröst. Mánudaginn 23. ágúst og þriðjudaginn 24. ágúst eru viðtöl fyrir nemendur 1. bekkjar og forráðamenn þeirra við umsjónarkennara sína og þriðjudaginn 24. ágúst er skólasetning.

Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla

Á morgun föstudag fara allir starfsmenn skólans á Úlfjótssvatn þar sem verkefnið **Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla** verður kynnt og fyrstu skref tekin. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og verkefnisstjóri yfir verkefninu ásamt skólastjórnendum munu stýra vinnunni. Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti:

1. Teymisvinna og teymiskennsla (Lýðræði – samvinna – samábyrgð)
2. Áherslur og gildi skólans

Skólastarf á Bifröst

Eins og áður hefur komið fram hefst skólastarf Stekkjaskóla í frístundaheimilinu Bifröst við Vallaskóla þar til nýja húsnæði skólans verður tilbúið. Starfsmenn hafa síðustu daga verið að undirbúa húsnæðið undir komu nemenda. Undirbúningur hefur gengið vel og starfsmenn skólans fara fullir tilhlökkunar inn í skólaárið 2021-2022.

Skólastarfið í færanlegu kennslustofunum hefst síðan 20. september og þess má geta að öll húsin eru komin á sinn stað á skólalóð Stekkjaskóla.

Teymiskennsla

Stekkjaskóli mun leggja áherslu á teymisvinnu og teymiskennslu. Þar sem að færri nemendur verða í 2. og 3. bekk en áætlað var hefur verið ákveðið að hafa þessa tvo árganga saman í teymiskennslu. Tveir umsjónarkennarar verða með hópinn og þriðji kennarinn verður mikið með þeim. Kynning á kennslufyrirkomulagi þessara árganga verður kynnt í bréfi til forráðamanna nemenda í 2. og 3. bekk og jafnframt á skólakynningum í haust.

Skóladagurinn

Hefðbundinn skóladagur hjá Stekkjaskóla hefst að morgni kl. 8:10 og lýkur kl. 13:10. Á meðan kennslan fer fram á Bifröst ætlum við að hafa mætingu milli kl. 8:10 og kl. 8:20 á morgnana og hefja kennslu kl. 8:20. Með þessu léttum við á fjölda í fataklefa á 1. hæð (vegna sóttvarna), léttum á umferðarpunga við skólann og minnkum blöndun á milli skóla. Við vonum að þið sýnið þessu skilning. Skólinn opnar engu að síður kl. 8:00.

Nemenda- og foreldraviðtöl fyrir 1. bekk

Mánudaginn 23. ágúst og þriðjudaginn 24. ágúst verða nemenda- og foreldraviðtöl fyrir 1. bekk. Umsjónarkennarar hafa nú þegar sent fundarboð á forráðamenn. Viðtölin koma í stað skólasetningar á sal. Umsjónarkennarar taka á móti nemendum og forráðamönnum á 1. hæð.

Skólasetning

Stekkjaskóli verður settur í fyrsta sinn þriðjudaginn 24. ágúst 2021, á 1. hæð Bifrastar. Einn forráðamaður er heimilaður með hverjum nemanda. Vegna COVID-19 eru forráðamenn beðnir um að gæta að sóttvörnum, vera með andlitsgrímur og viðhafa 1 metra nálægðarmörk eins og hægt er. Eftir stutta samkomu munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Kl. 9:00 Nemendur í 2. bekk, f. 2014.

Kl. 10:00 Nemendur í 3. bekk, f. 2013.

Kl. 11:00 Nemendur í 4. bekk, f. 2012.

Við hlökkum til að hitta ykkur öll.

Með kærri kveðju,

*Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu*